## Sylvía Karen Heimisdóttir

**From:** Grímur Hergeirsson <gh01@logreglan.is>
**Sent:** miðvikudagur, 6. ágúst 2025 14:53
**To:** Sylvía Karen Heimisdóttir
**Subject:** RE: Lækkun hámarkshraða- umsögn lögreglu

**Follow Up Flag:** Follow up
**Flag Status:** Flagged

Sæl Sylvía Karen.
Bið þig að afsaka drátt á afgreiðslu þessa erindis.

Það eru ekki gerðar athugasemdir af okkar hálfu við lækkun hámarkshraða á þessu svæði sem um ræðir, sbr. erindi þitt hér að neðan, enda verður að telja slíkt til þess fallið að auka umferðaröryggi á svæðinu.

Með kveðju


**Grímur Hergeirsson**
Lögreglustjóri
*Skrifstofa lögreglustjóra*

gh01@logreglan.is

**Lögreglustjórinn á Suðurlandi**
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvelli

sudurland@logreglan.is
4442000



**Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI


---

**From:** "Sylvía Karen Heimisdóttir" <sylviakaren@skeidgnup.is>
**To:** "Suðurland - Opinbert netfang" <sudurland@logreglan.is>
**CC:**
**Subject:** RE: Lækkun hámarkshraða- umsögn lögreglu
**Date:** 31.7.2025 11:56:50


You don't often get email from sylviakaren@skeidgnup.is. Learn why this is important


Góðan dag

Ég ítreka hér með neðangreint erindi mitt, sem sent var 18 júní sl, í tengslum við ósk eftir umsögn við lækkun hámarkshraða í samræmi við ákvæði umferðarlaga.

**From:** Sylvía Karen Heimisdóttir
**Sent:** miðvikudagur, 18. júní 2025 09:20
**To:** Lögreglan <sudurland@logreglan.is>
**Subject:** Lækkun hámarkshraða- umsögn lögreglu

Góðan dag

Reglulega hafa borist kvartanir til sveitarstjóra um mikinn umferðarhraða á Flötunum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og hafa eigendur á svæðinu óskað eftir því við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að hámarkshraði á svæðinu verði lækkaður niður í 30 km. Flatirnar eru frístundabyggð sem staðsett er norðaustan megin við Árnesi, keyrt inn af Gnúpverjavegi.

Samkvæmt 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 ákveður sveitarstjórn hraðamörk að fenginni umsögn lögreglu. 50 km hraði er reglan innan þéttbýlis en þá þarf viðkomandi hverfi að vera skilgreint sem þéttbýli og afmarkað með þéttbýlismerkjum. Ef ekki þá gildir í raun almenna reglan í dreifbýli 80 km á malarvegi og 90 km hraði á malbiki nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn og gefið til kynna með umferðarmerkjum. Flatirnar eru ekki skilgreindar innan þéttbýlismarka og því má leiða af því líkum að á svæðinu sé 80 km hámarkshraði.

Undirritaðri var falið af sveitastjórn að vinna málið áfram og er óskað eftir umsögn lögreglu á því að umferðarhraði á Flötunum verði lækkaður niður í 30 km hraða.

Óskað er eftir því að umsögn berist um málið eigi síðar en 27. júní nk.

Endilega hafið samband við undirritaða ef frekari upplýsinga er óskað.